



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
1. júní 2010

ÚTBOÐ ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 11 0722 OG RIKB 25 0612

Föstudaginn **4. júní kl. 11:00** fer fram útboð með tilboðsfyrirkomulagi hjá lánamálum ríkisins.

Í þessu útboði verða seld bréf í **RIKB 11 0722 OG RIKB 25 0612**. Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknu útboði.

Lánamál ríkisins áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útboðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudaginn 9. júní 2010.

Í þessu útboði óskar Lánamál ríkisins eftir kauptilboðum í eftirfarandi flokka ríkisverðbréfa:

Flokkur	Lokagjalddagi	Útistandandi fjárhæð*	Lánstími
RIKB 11 0722	22.07.2011	50.706m.kr.	1,1 ár
RIKB 25 0612	12.6.2025	77.838m.kr.	15,0 ár

*að nafnverði

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir munu lánamál ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 8. júní 2010. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. *Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 9. júní 2010.*

Nánari upplýsingar veitir Oddgeir Gunnarsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.

Með kveðju,